Nr. 80
28. nóv.

Lög

um

breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stafliður c í 2. tölulið 3. gr. nefndra laga orðist svo:

sje hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 3000 kr., að viðbættum o. s. frv.

Fyrir »5000 kr.« í sömu gr. 2. d. komi:

10000 kr.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 35, 3. nóvember 1915.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, í lögum nr. 35, 3. nóv. 1915, 1. gr., og lögum nr. 32, 26. okt. 1917, 1.—3. gr., inn í texta laga um sjúkrasamlög nr. 39, 11. júlí 1911, og gefa þau út sem lög um sjúkrasamlög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.